



Grunnskólinn Hellu

Útskálum 6 - 8 sími 488 7020 grhella@grhella.is <http://grhella.is/>

Hellu 21. júní 2019

Vegna ytra mats, sem fram fór í Grunnskólanum á Hellu í febrúar 2017.

Allt frá því að niðurstöður ytra matsins bárust til skólastjórnenda Grunnskólans á Hellu á vordögum 2017, hafa niðurstöður matsins verið hafðar að leiðarljósi í allri starfsemi skólans. Niðurstöður matsins og framvinda úrvinnslunnar hafa verið teknar reglulega til umfjöllunar með öllum starfsmönnum skólans og niðurstöður kynntar bæði fyrir skólaráði og fræðslunefnd.

Reynt hefur verið að fylgja aðgerðaráætlun þeirri sem unnin var í kjölfari ytra matsins. Þetta hefur verið gert með þeim hraða, sem tími og annir hefðbundins skólastarfs hafa leyft. Aðgerðaráætlunin sýnir framvindu þeirrar vinnu sem fram hefur farið og fylgir hún hér með. Suma af þeim þáttum sem bæta þurfti úr hefur verið tiltölulega auðvelt að laga og voru allir starfsmenn hafðir með í ráðum. Nokkrir þættir hafa verið að þróast hjá okkur í eðlilegri framvindu skólastarfsins, og gert er ráð fyrir að endanleg yfirferð og úrvinnsla þeirri komi til með að ljúka á næsta skólaári (sjá meðfylgjandi aðgerðaráætlun).

Með kveðju


GRUNNSKÓLINN HELLU
SÍMANGARÐIN
Sigurður Guðmundsson
skólastjóri

Grunnskólans á Hellu